

**Ed.**

**564. Frumvarp til laga**

[217. mál]

um breyting á lögum nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

**1. gr.**

Í síðari málsgrein 5. gr. laganna í stað orðanna „minnst 5 milljónir króna á ári“ komi: minnst 6.5 milljónir króna á ári.

**2. gr.**

26. gr. laganna orðist svo:

Til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þúsund krónur á hverju býli. Framlagið greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, enda hafi byggingarfulltrúi staðfest með vottorði, að fullnægt hafi verið settum skilyrðum um frágang byggingarinnar.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.0 milljónir króna árlega, í fyrsta sinn árið 1962.

**3. gr.**

41. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 38. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. júní 1960, greiðir ríkissjóður 6.0 milljónir króna á ári næstu 4 ár frá og með árinu 1962.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frá því að endurskoðun fór fram á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum á árinu 1957, hafa miklar verðlagsbreytingar orðið til hækkunar á framkvæmdakostnaði við ræktun og byggingar. Þessar verðlagsbreytingar hafa leitt af sér, að sú fjárhagsaðstoð, sem lögini veita, er, þegar miðað er við kostnað framkvæmdanna, hlutfallslega minni en til var ætlað, þegar lögini voru sett. Framlögini til ræktunar hefur ekki verið unnt að hækka samhliða þeirri hækkun, sem á ræktunarkostnaðinum varð. Ræktunarkostnaður hefur hækkað frá því 1957 úr 9.200 kr. á ha í 12.776 krónur á ha árið 1960, sem svarar til 38% hækkunar á kostnaðarverði ræktunar og girðinga.

Samkvæmt þeim reglum, sem þá voru settar á grundvelli laganna, var framlag Landnámsins á 10 ha ræktun ákveðið 35 þúsund krónur, greitt þaunig, að á fyrstu 5 ha, sem ræktaðir voru, var framlag 5000 krónur á ha, en 2000 krónur á þá 5 ha, er síðar voru ræktaðar. Kostnaðarauki nýbyggjandans á þessa ræktun nemur um 36 þúsund krónum, en framlögin hafa á sama tíma staðið í stað. Ræktun 10 ha tús kostar nú um 123 þúsund krónur, ræktun og girðingar auk framræslukostnaðar.

Við ákvörðun framlaganna eftir lögunum frá 1957 var gengið út frá því, að hin opinbera aðstoð, þ. e. hinn almenni jarðræktarstyrkur samkvæmt jarðræktarlögum og framlag Landnáms ríkisins samanlagt, næmi allt að öllum ræktunarkostnaði á fyrstu 5 ha, sem ræktaðir væru á hverju býli, og allt að helmingi kostnaðar við ræktun næstu 5 ha, en eftir að hvert býli hefði náð 10 ha túnstærð, féllu niður framlagsgreiðslur frá Landnámi ríkisins.

Framlagshækkun sú, sem gert er ráð fyrir í 1. grein frumvarps þess, sem hér er lagt fram, mundi gera það framkvæmanlegt að hækka framlögin nokkuð, en þar sem einnig allur framkvæmdakostnaður við framræslu, ræktun, girðingar og neyzluvatnsveitur í byggðahverfum hefur aukizt tilsvarendi og framkvæmdir einstaklinga, mundi framlagshækkun sú, sem hér er gert ráð fyrir, vart standa undir meiri hækkun en svaraði til 15—20 þúsund krónum á býli einstaklinga, eða að framlagið hækkaði úr 36 þúsund krónum í 50—55 þúsund krónur á býli, miðað við sömu býlatölu og verið hefur á styrkkerfinu á undanförunum árum.

Í annarri grein frumvarpsins er gerð tillaga um tilsvarendi hækkun á framlagi til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum. Framlagið er nú 25 þúsund krónur á íbúðarhús. Frá því að það ákvæði var bundið með lögum, hefur byggingarkostnaður hækkað sem afleiðing tvennra efnahagsráðstafana. Sú hækkun nemur allt að 100 þúsund krónum á hús með 90 m<sup>2</sup> gólfleti á einni hæð. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að framlag þeirra hækki um 15 þúsund krónur á íbúðarhús, og til þess að standa undir þeirri hækkun, hækki framlög á þessum lið til Landnáms ríkisins um 500 þúsund krónur, úr 1.5 milljónum króna í 2 milljónir króna.

Íbúðarhúsabyggingar hafa á undanförunum árum tekið tvö ár, og í byggingu árlega hafa alls verið 110—120 íbúðarhús. Svarar það til, miðað við fulla framlagsgreiðslu, að sú fjárhæð, er greiða þurfi árlega, svari til fullnaðarframlags á 55—60 býli, og heildarframlagið er hér miðað við, að árlega fari fram greiðslur, er svara til fullnaðargreiðslu til 50 íbúðarhúsa.

Ákvæðin í 3. grein frumvarpsins um 1.5 milljón króna hækkun vegna ákvæða 38.—41. greina laganna eru afleiðing þess, að samþykkt voru með lögum nr. 49 frá 11. júní 1960 framlög til þeirra bænda, er komast í erfiðleika vegna íbúðarhúsabygginga á jörðum sínum. Í ljós hefur komið hin síðari ár, að mikil hætta er á, að jarðir, sem húið er að rækta og byggja peningshúsakost á, hafa ekki mannsæmandi íbúðarhús og geta farið í eyði, af því að eigendur ekki treysta sér til uppbyggingar íbúðar. Lán til íbúðarhúsa hafa verið lág í hlutföllum við kostnað og nema nú ekki yfir 25% af kostnaðarverði. Er ljóst, að ekki er á einu eða fáum árum hægt að leggja fram af arði búans það, sem til vantar til að greiða kostnaðarverðið. Á næstu árum má gera ráð fyrir, eftir framkomnum umsóknum um aðstoð samkvæmt lögunum nr. 49 frá 11. júní 1960, að það verði ekki færri en 40 aðilar árlega, er væru í þeirri aðstöðu að eiga rétt til aðstoðar eftir ákvæðum laganna.

Vænta má, að ræktun á þeim jörðum, er höfðu minni tún en 10 ha, komist það áleiðis, að þeim áfanga yrði að fullu náð eigi síðar en árið 1965, og með tilliti til þess er gengið út frá, að framlagsgreiðslur falli niður frá þeim tíma til jarða með minni tún en 10 ha.